

VIÐAUKI A

20140219 Verklag við rafrænt stjórnarkjör Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Almennar leiðbeiningar

Sjóðfélagi skráir sig inn á sjóðfélagagáttina á heimasíðu sjóðsins á því tímabili sem stjórnarkjör fer fram og auglýst hefur verið á heimasíðu sjóðsins. Lykilorð sjóðfélaga má finna í heimabanka viðkomandi. Ef aðstoðar er þörf við að finna lykilorðið er hægt að hafa samband við starfsmenn Lífswerks.

Um leið og sjóðfélagi hefur skráð sig inn á sjóðfélagagáttina birtist kosningasiðan. Þar er hægt að nálgast sömu upplýsingar og á heimasíðu sjóðsins s.s. upplýsingar um frambjóðendur og reglur kjörnefndar. Einnig er flipi vinstra megin á sjóðfélagagáttinni sem heitir kosningar. Ef sjóðfélagi byrjar á því að skoða eitthvað annað efni á gáttinni er hægt að kjósa með því að nota flipann kosningar.

Kosning 2014

Velja skal að hámarki tvo frambjóðendur í stjórn að þessu sinni, einn karl og eina konu, með því að merkja við nafn viðkomandi frambjóðanda. Hægt er að merkja við skila auðu í stað þess að velja frambjóðanda. Kjör beggja frambjóðenda fer fram á sama tíma. Þegar sjóðfélagi hefur kosið kemur staðfesting þess efnis á skjáinn og þá er ekki hægt að kjósa aftur eða breyta atkvæði.